

## Fundargerð

**Hópur:** Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla – áttundi fundur.

**Starfsmaður:** Ásgeir Björgvinsson skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

**Fundardagur:** 9. desember 2011

**Tími:** 08:30-09:50

**Fundarstaður:** Víkurskóli

### Verkefni og markmið fundar:

- Umræða um kynningarfundu í nóvember og fara yfir verkefnastöðu hópsins.

### Petta gerðist:

1. Farið var yfir helstu verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi og hver staðan á verkefnunum er.
2. Foreldrakönnun verður lögð fyrir í öllum grunnskólum Reykjavíkur í byrjun næsta árs. Nýta á könnunina til að spyrja foreldra barna í Korpuskóla og Víkurskóla um upplifun þeirra á flutningi unglunga úr Korpuskóla í Víkurskóla á seinustu þremur árum.
3. Auður Árný sagði frá því að tilraunaverkefni um frístundastarf sem hluta af skólastarfi, sem í gangi eru í Norðlingaskóla og Ártúnsskóla, hafi gengið hægar en vonir stóðu til. Þess vegna verða frístundaheimilin ekki hluti af skólastarfinu í öllum grunnskólum borgarinnar á næsta skólaári, eins og gert var ráð fyrir.
4. Auður Árný sagði frá störfum nafnanefndar vegna nafnasamkeppni á nýjum skóla. Úrslit verða kunngerð 14. desember næstkomandi.
5. Rætt var um að mikilvægt væri að heimasíða nýs skóla væri tilbúin þegar sameiningin væri orðinn að veruleika. Til að byrja með myndi slík síða vísa í heimasíður Korpuskóla og Víkurskóla.
6. Líklegast er að hugmyndafing með þjóðfundasniði verði haldið í kringum annaskipti, þ.e. í lok janúar.
7. Fram kom að nýráðnir skólastjórar sameinaðra skóla, þ.á.m. Árný Inga, muni eftir áramót vinna með Hrönn Pétursdóttur verkefnastjóra og Ingvari Sigurgeirssyni frá Menntavísindasviði HÍ að sameiningunni.
8. Árný Inga sagði frá þrettándagleði nemenda sameinaðs skóla. Gleðin felst í að 6 ára nemendur úr Korpuskóla koma í rútu í Víkurskóla og fá kakó og kleinur.

9. Í hópnum upplifðu sumir að starfsfólk hefði verið ósátt við kynningarfundinn í nóvember. Öðrum fannst ánægjuraddirnar allavega jafn áberandi.
10. Rætt var um þær skoðanir og þá gagnrýni sem fram kom á kynningarfundum með foreldrum og hvernig best væri að vinna með það.
11. Fulltrúi foreldra í Korpuskóla sagði frá sameiginlegum fundum stjórna foreldrafélaganna í skólunum tveimur.

#### **Eftirtaldar ákvarðanir voru teknar:**

- Í foreldrakönnun í byrjun árs 2012 verða foreldrar barna í skólunum tveimur spurðir um upplifun sína á flutningi unglunga úr Korpuskóla í Víkurskóla á seinustu þremur árum. Tölfræði- og rannsóknþjónusta SFS verður falið að setja slíkar spurningar í könnunina og vinna þær í samvinnu við skólastjórnendur.
- SFS mun senda fréttatilkynningu á grenndarsamfélag hins nýja skóla um sameininguna og nafn nýja skólans. Er hér átt við t.d. leikskóla, íþróttafélög, tónlistarskóla, kirkjur og Grafarvogsblaðið.
- Fyrsti fundur stýrihópsins á nýju ári verður 9. janúar kl. 8.30. Fundurinn fer fram í Korpuskóla sem þá verður kominn með nýtt nafn. Um áramótin tekur Árný Inga við formennsku í stýrihópnum af Auði Árnýju.

Fundi slitið kl. 09.50

#### **Viðstaddir:**

##### *Frá Korpuskóla*

Margrét Einarsdóttir skólastjóri  
Björg Ársælsdóttir fulltrúi starfsfólks  
Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsfólks  
Inga Dóra Hrólfsdóttir fulltrúi foreldra  
Olga B. Gísladóttir fulltrúi foreldra

##### *Frá Víkurskóla*

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri  
Brynja Sigurðardóttir fulltrúi starfsfólks  
Þorkell Logi Steinsson fulltrúi starfsfólks  
Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra

##### *Frá þjónustumiðstöðinni Miðgarður*

Helgi Viborg deildarstjóri

##### *Frá frístundamiðstöðinni Gufunesbær*

Þóra Melsted deildarstjóri

##### *Frá Skóla – og frístundasviði*

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps  
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi